Vesturbúðarhóll á Eyrarbakka: Saga verslunar og utanríkisviðskipta. Fornleifarannsókn árið 2022 - 3. áfangi



Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri)

Höfundar efnis: Kristjana Vilhjálmsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Viðauki eftir Gavin Lucas.

FS922-17253

Fornleifastofun Íslands

Reykjavík 2023

Á forsíðu má sjá þrívíddarteikningu sem byggir á gömlum ljósmyndum af Vesturbúðinni. Fönix og kolageymslan sjást vel en uppgraftarsvæðið afmarkast af þeim. Teikning: Björn Einar Sigurbjörnsson

© Fornleifastofnun Íslands 2023

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fornleif@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer
MÍ201706-0054

Þjóðminjasafnsnúmer
2022-12

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna
Fornleif número 274. Margrét Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir, 2015. *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka.*
Uppgraftarskýrslur: Ágústa Edwald, 2017; Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2021; Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir, 2022.

Stutt lýsing rannsóknar
Fornleifarannsókn á svonefndum Vesturbúðarhól á Eyrarbakka tekur til stærstu þyrpingar verslunarhúsa sem byggð var á Íslandi á einokunartímanum, með síðari tíma viðbótum. Verslunarhúsin voru rifin árið 1950 og allir viðir úr þeim fluttir burt. Eftir eru því aðeins sjálfir grunnar húsanna. Fornleifarannókn á svæðinu er forsenda fyrir hugmyndum um uppbyggingu dönsku verslunarhúsanna eins og þau litu út um 1920 þegar þau hættu að sinna hlutverki sínu sem stærsta og helsta verslun Sunnlendinga og um leið að auka við þekkingu um sögu verslunar á Eyrarbakka sem og landinu öllu.

Tegund rannsóknar
Vísindarannsókn

Staðsetning
Vesturbúðarhóll við Búðarstíg á Eyrarbakka, sveitarfélaginu Árborg.

GPS hnit
ISN93: A 393867 N 375262

Rannsóknartími
16.05.2022 til 04.06.2022.

Leyfishafi
Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Fjöldi starfsmanna
Sex starfsmenn; fjórir fornleifafræðingar og tveir nemar.

Staðsetningarkort



Mynd 1. Staðsetning rannsóknarsvæðisins er sýnd með rauðum punkti.

Útdráttur

Rannsóknarsvæðið sumarið 2022 var 23 x 13 m að stærð og afmarkast við vestasta húsið á svæðinu, Fönix, auk þess sem byrjað var að grafa kolageymslu norðan við húsið. Líkt og rannsóknir ársins 2021 sýndu fram á hefur grunnur hússins verið fylltur af sandi og grjóti eftir að það var rifið. Flest jarðlögin voru hreyfð og samanstóðu af blönduðum sandlögum og grjóti. Fyrstu niðurstöður uppgraftarins benda til að undirstöður hússins séu frá 18. öld, sé horft til þeirra gripa sem hafa fundist.

Alls fundust 1944 gripir sem voru skráðir undir 261 fundanúmerum. Í gripasafninu eru gripir frá seinni hluta 18. öld fram á 20. öld, líkt fyrri ár, en stærra hlutfall gripanna er þó frá fyrri hluta tímabilsins. Gripir frá ólíkum tímum eru enn að finnast í sömu jarðlögum sem ber vitni um mikla blöndum vegna niðurrifs húsanna en einnig þess hversu sendið svæðið er.

Lykilorð: Eyrarbakki, Vesturbúðin, Vesturbúðarhóll, verslunarsaga, 18. öld

Abstract

The aim of the fieldwork was to excavate the foundations of one of the buildings that belonged to the trading site, known as Fönix. Preliminary results indicate that the building structures date to the first half of the 18th century, and most of the deposits are associated with the building's demolition on one hand and its construction on the other.

In total 1994 artifacts were recovered, most from the latest deposits. The artifacts date the archaeology from the 18th to the 20th century.

Keywords: Eyrarbakki, Vesturbúðin, Vesturbúðarhóll, trade history, commerce, 18th century

Efnisyfirlit

1. Inngangur 9

Samfélagið 10

2. Húsin á Vesturbúðarhól 12

3. Rannsóknin 15

Aðferðafræði 16

Jarðvegssýni 17

Uppgröftur 17

Yfirborðslag [550] 19

Undirstöður veggja [540 og 557], skurður [535] og þverbitar [536 og 547] 19

Fyllingar [537, 538, 541, 543, 544, 545, 546, 548, 549, 551, 553, 556, 559, 560 og 561] 20

Foksandur [534 og 542] 21

Kolageymsla [539 og 558] 22

Eldri undirstöður [552] og [557] 22

Gripir 23

Leir 24

Gler 25

Lífræn efni 25

Steinn og byggingarefni 26

Plast og gerviefni 27

4. Niðurstöður 27

Heimildir 28

Viðauki I: Einingaskrá 46

Viðauki II: Fundaskrá 49

Viðauki III: Ljósmyndaskrá 50

Viðauki IV: Matrix 50

Viðauki V: Keramík og gler eftir Gavin Lucas 50

Mynd 2. Horft niður á Vesturbúðarhóll við lok uppgraftar 2022. Ef myndin prentast vel sér móta fyrir grunni syðsta hússins auk könnunarskurðs frá 2017 í austurhluta þess.

1. Inngangur

Vesturbúðarhóll er hluti af merkilegri þyrpingu minjastaða á Eyrarbakka sem bera sögu þorpsins sem aðalverslunarstaðar Suðurlands í rúmar tvær aldir vitni.[1] Hóllinn er um 110 x 45 m að stærð og þar stóðu verslunarhús Eyrarbakkaverslunar frá fyrri hluta 18. aldar og fram til ársins 1950.[2] Vesturbúðin á Eyrarbakka tekur til stærstu þyrpingar verslunarhúsa sem byggð voru á Íslandi á einokunartímanum með síðari tíma viðbótum. Áður en rannsóknir hófust mátti sjá óljós ummerki bygginga á nokkrum stöðum á hólnum, og víða glitti í grjót upp úr grassverði líkt og sjá má á mynd 2.

Verslunarhúsin voru rifin árið 1950 og allir viðir úr þeim fluttir burt. Eftir stóðu því aðeins sjálfir grunnar húsanna undir sverði. Fornleifarannókn á svæðinu er forsenda frekari hugmynda Vesturbúðarfélgsins um uppbyggingu dönsku verslunarhúsanna eins og þau litu út um 1920, þegar þau hættu að sinna hlutverki sínu sem stærsta og helsta verslun Sunnlendinga og um leið að auka við þekkingu um sögu verslunar á Eyrarbakka. Ekki hafa áður verið grafin upp í heild sinni á Íslandi verslunarhús frá tímabilinu 1600–1900. Á fjórum stöðum hefur þó verið grafið í hluta verslunarhúsa frá einokunartímanum og reynt að skoða þennan merka tíma með augum fornleifafræðinnar.[3] Eldri rannsóknir á verslunarstöðum eins og á Gásum, Gautavík, Kolkuósi og Maríuhöfn[4] hafa verið bundnar við fyrri aldir. Þetta er því einstakt tækifæri til að byggja upp nýja sögulega þekkingu á grundvelli fornleifarannsókna.

Þriðji áfangi fornleifarannsókna á Vesturbúðarhól hófst vorið 2022. Uppgröfturinn er fjármagnaður af Vesturbúðarfélaginu og hlaut rannsóknin styrk úr Fornminjasjóði 2022, auk þess sem sveitarfélagið Árborg kom með mótframlag. Haldið var áfram þaðan sem frá var horfið haustið 2021 í húsinu Fönix, sem var vestasta húsið á hólnum. Starfsmenn við uppgröftinn voru fornleifafræðingarnir Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Ágústa Edwald. Að auki tóku fornleifafræðinemarnir Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir og Agla G. Aradóttir þátt í uppgreftrinum. Um úrvinnslu sáu Lilja Laufey, Kristjana og Ragnheiður sem sá einnig um umsjón og ritun skýrslu.

Vesturbúðarfélagið hlaut að auki þriggja mánaða styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna árið 2022. Markmið þess verkefnis var að fara yfir, skrá og greina skjalagögn tengd verslunarfélögum C.H. Johansen og Lefolii á Eyrarbakka en gögnin eru varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands. Verkefnið var unnið af Eiríki H. Eríkssyni, sagnfræðinema.

---

1 Ágústa Edwald 2019: 85; Vigfús Guðmundsson 1945: 281; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir 2015: 13; Guðmundur Þórarinsson 1997: 20-21

2 Lilja Árnadóttir 1989: 14

3 Lucas, Gavin ofl. 2021: 194; Martin, Kevin 2022; Jakob Orri Jónsson 2021; Lilja B. Pálsdóttir og Hulda Björk Guðmundsdóttir 2019: Hildur Gestsdóttir 2022.

4 Sjá t.d. Lilja Björk Pálsdóttir og Howell Roberts 2007; Capelle, Thorsten 1982; Magnús Þorkelsson 1984; Ragnheiður Traustadóttir 2018.

Samfélagið

Stefnt er að því að gera rannsóknina að samfélagslegu verkefni og haldið var áfram með á þeirri vegferð árið 2022. Birni Einari Sigurbjörnssyni, íbúa á Eyrarbakka eru færðar sérstakar þakkir fyrir afnot þrívíddarmynda sem hann gerði af síðasta skeiði verslunarhúsanna, þau gögn eru ómetanleg þegar kemur að kynningu á rannsókninni og fyrirhugaðri uppbyggingu á svæðinu, sjá t.d. myndir 3 og 4. Að auki var leitað til heimamanna eftir fremsta megni við aðkeypta þjónustu.

Stjórn Byggðasafns Árnesinga samþykkti ennfremur tillögu



Mynd 3. Dæmi um þrívíddarteikningu eftir Björn E. Sigurbjörnsson. Fyrirmynd þessar myndar eru burðarvirkisteikningar sem varðveittar eru á Héraðsskjalasafni Árnesinga. Fönix er lengst til vinstri á teikningunni.

Mynd 4. Annað dæmi um þrívíddarteikningu eftir Björn E. Sigurbjörnsson. Suðurhlið Fönix er í forgrunni, þ.e. húsið til vinstri.

safnstjóra að safnið myndi styrkja við rannsóknina í formi vinnuaðstöðu í varðveisluhúsi sínu meðan á vettvangsvinnu stendur næstu ár. Þetta samstarf er mikilvægur hluti af þátttöku almennings og er starfsfólki safnsins færðar kærar þakkir fyrir samstarfið.

2. Húsin á Vesturbúðarhól

Sögu og uppbyggingu verslunarhúsanna sem og þeirra verslana sem voru á Vesturbúðarhól hefur ekki verið gerð fyllilega skil þrátt fyrir að tiltækar heimildir séu fjölmargar, ekki síst frá 19. öld. Úttekt á sögu verslunar á Eyrarbakka er verðugt rannsóknarefni sem myndi nýtast vel á þeirri vegferð sem Vesturbúðarfélagið stendur fyrir sem og rannsóknum á verslunarhúsunum sjálfum. Hér verður stiklað á stóru í þessari sögu.

Saga verslunar á Eyrarbakka er löng en lítið er vitað hvers konar búðir eða hús voru þar fyrir miðja 18. öld. Þegar á 13. öld eru Eyrar ein aðalhöfn Suðurlands, mögulega ein af mikilvægustu höfnum landsins ásamt höfnunum við Hvítá í Borgarfirði og að Gásum í Eyjafirði. Höfn Skálholtsstóls á Eyrum var hjá bænum Einarshöfn og Skúmsstöðum en báðar jarðirnar voru þá í eigu stólsins.[5] Árin 1316 og 1343 er búða getið á Eyrum sem skemmdust í flóðum. Árið 1621 kemur fram í Bréfabók Gísla biskups Oddsonar (III, 48) að farið sé fram á flutning bæjarins Einarhafnar og verslunarstaðarins vegna ágangs sjávar.[6] Það er ljóst að þessi höfn var nokkuð vestar en Eyrarbakki en nákvæm staðsetning hennar er ekki þekkt, sjá mynd 5. Það eru til vísbendingar um eiginleg hús á Eyrum sem tengdust verslun þar fyrir tíma einokunar. Talið er að Ögmundur biskup í Skálholti (1521-41) hafi látið byggja hús, þ.e. stórt geymsluhús og baðstofu úr timbri sem stóð á stólpum.[7] Eins eru til heimildir sem sýna að Gissur biskup Einarsson pantaði vörur frá þýskum kaupmanni 1541-45, m.a. byggingarefni í



Mynd 5. Almennt er talið að Einshöfn hin forna hafi verið nærri sundtré sem er skammt vestan við Eyrarbakka. Líkleg staðsetning bæjarins auk Einarhafnarvarar er sýnd á myndinni. ©Loftmyndir ehf

5 Helgi Þorláksson 2017: 62

6 Vigfús Guðmundsson 1945: 29-30; Ágústa Edwald 2017: 4-5

7 Vigfús Guðmundsson 1949: 179; Safn til sögu Íslands I: 66

skorsteina húss sem hann ætlaði á Eyrarbakka.[8]

Í skýrslu Ágústu Edwald frá 2017 er góð samantekt á heimildum um verslun á Eyrarbakka, fyrir tíma einokunar. Hún telur að á miðöldum hafi búðirnar ekki verið frábrugðnar þeim mannvirkjum sem rannsökuð voru á Gásum í Eyjafirði við upphaf 21. aldar. Búðirnar voru margar saman, lítillega niðurgrafnar og upphlaðnar og reft yfir þær þegar þær voru í notkun. Þær voru að öllum líkindum einungis notaðar yfir sumartímann og staðið opnar þess utan.[9]

Við upphaf einokunar Dana hérlendis árið 1602 er Eyrarbakki ein 20 hafna sem danskir kaupmenn sigldu til. Svæðið sem höfnin náði yfir var gríðarstórt, eða til um 20% landsmanna árið 1703.[10] Eftir að einokun hófst verða tiltækar heimildir um hús verslunarinnar fleiri og áreiðanlegri þrátt fyrir að nákvæm staðsetning þeirra sé enn óþekkt. Á þessum tíma gátu verslunarmenn fyrst gengið að því vísu að þeir gætu verslað við sömu hafnirnar ár eftir ár sem ýtti án efa undir byggingu varanlegri húsakosts.[11] Um 1653 er þess t.d. getið að danskt timburhús hafi flotið í flóði frá Einarshöfn og upp á Breiðumýri. Mögulega er það sama verslunarhúsið og annálar nefna árið 1649 í tengslum við þjófnað þýskra drengja á skreið. Árið 1684 vildi Skálholtsbiskup enn fremur leyfa ónefndum kaupmanni að byggja hús á Skúmsstöðum.[12] Miklar líkur eru á því að þessi hús og búðir hafi verið í landi Einarshafnar fornu. Flutningur bæjarins var samþykktur árið 1621 en ekki er vitað hvenær af honum varð. Það er þó ljóst að í upphafi 18. aldar voru verslunarhúsin komin á Vesturbæjarhól, rétt sunnan við gamla heimatún Skúmsstaða. Í skýrslu Ágústu segir:

> „Bærinn Einarshöfn, virðist ekki hafa verið fluttur að öllu eftir að ályktun þess efnis var gerð á Stokkseyrarþingi 1621. Í flóðinu mikla 1653 þegar timburhúsið sem áður er getið flaut upp á Breiðumýri, drukknaði maður í „gömlu“ Einarshöfn og er þá líklegt að hvort tveggja gamla og nýja Einarshöfn hafi verið í byggð. Þá dagsetur Brynjólfur biskup bréf 8. júlí 1657 í „Nýju Einarshöfn“. Í byggingabréfi fyrir Skúmsstaði frá 17. maí 1665 er þess getið að byggð Einarshafnar sé að öllu leyti á Skúmsstöðum.“ [13]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 er flutningi á bænum Einarshöfn getið. Þar segir um Einarshöfn og Skúmsstaði:

> „Þessi bær [Einarshöfn] stendur allur á Skúmsstaðalóð og hefur ekkert gras hjer heima um sig. Var híngað fluttur fyrir 60 árum eður meir, þegar hið mikla sjáfarflóð eyðilagði bæ og tún, þar sem áður var kölluð Einarshöfn og er enn kölluð Einarshöfn forna. En landnytjar aðrar, engjar og haga hefur hún enn sem forna jörðin átti. ... Einarshöfn forna. Bæjarnafnið, sem áður er umtalað. Þar sjást nú engin bygðamerki, nema í einum

8 Vigfús Guðmundsson 1945: 269
9 Ágústa Edwald 2017: 4-7
10 Jón J. Aðils 1919: 262
11 Ágústa Edwald 2017: 4
12 Vigfús Guðmundsson 1949: 181, 281
13 Ágústa Edwald 2017: 5

stað leifar af vallargarði. Allt hitt er í sand og grjóti. ... Eyarbakkakaupstaðar krambúð stendur á Skúmstaðalandi með tilliggjandi húsum, nálægt túninu, og fyrir það uppber ábúandi af kaupmanni lxxx álnir í fiskatali, og hefur þetta varað um 20 ár eða lengur, síðan kaupstaðurinn var færður fyrir sjóargángi þángað sem nú er hann."[14]

Alls eru varðveittar fjórar úttektir á húsunum á Vesturbúðarhól frá 18. öld á Þjóðskjalasafni Íslands og í Rigsarkivet, Kaupmannahöfn. Elsta úttekt húsanna er frá árinu 1742[15] og eru þrjú hús nefnd í henni. Árið 1758[16] eru húsin orðin fjögur og í úttekt frá árinu 1774[17] er fjöldinn sá sami. Húsunum hefur fjölgað um eitt árið 1787[18] en í töflu 1 sjást heiti og byggingarárhúsanna.

Fleiri og ítarlegri heimildir eru til um húsin á Vesturbúðarhól frá lokum 19. aldar og upphafi þeirrar 20. Þetta eru t.d. lýsingar Jóns Pálssonar verslunarþjóns frá 1886, burðarvirkis teikningar frá 1895, ársreikningar verslunarinnar, uppdrættir frá 1912 og 1916 og auk fjölda gamalla ljósmynda. Þessum heimildum ber að flestu leyti saman og sýna fjórar stórar byggingar sem mynda port sín á milli og svo timburgeymslu vestan við þær. Þrátt fyrir þessar ríkulegu heimildir er ekki fullljóst hvernig staðið var að uppbyggingu og viðhaldi verslunarhúsanna í þau 250 ár sem þau stóðu á Vesturbúðarhólnum eða hvernig starfsemi innan þeirra breytist. Heimildirnar frá 18. öld lýsa mjórri og styttri húsum en þeim sem stóðu síðast á staðnum.[19] Með áframhaldandi fornleifarannsóknum fæst vonandi mun ítarlegri mynd af sögu og þróun húsanna á Vesturbúðarhól.

Mynd 6. Vigfús Jónsson, fyrrrum oddviti á Eyrarbakka smíðaði líkan af húsunum á Vesturbúðarhól líkt og þau litu út undir lok 19. aldar. Líkanið er til sýnis við Vesturbúðarhól að sumarlagi, Fönix er lengst til vinstri á myndinni.

14 Árni Magnússon og Páll Vídalín 1981: 83-84

15 Rigsarkivet: 1742.

16 Rigsarkivet: 1758

17 ÞÍ 1774.

18 ÞÍ 1787

19 Ágústa Edwald 2017: 5-7

3. Rannsóknin

Fornleifarannsóknir á Vesturbúðarhól hófust þann 16. maí 2022 og var lokið 4. júní. Uppgraftarsvæðið var 24 x 13 m að stærð, alls um 240 fm^2. Alls voru 3-5 fornleifafræðingar við störf hverju sinni meðan á rannsókninni stóð.

Haldið var áfram að grafa vestasta hús Vesturbúðarinnar en niðurstöður fyrri rannsókna[20] gáfu til kynna að enn væru töluverðar minjar þar undir sverði. Húsið kallaðist Fönix og var

1742	Byggingarár	Stærð (álnir)	Hlutverk
Det stoore hus	< 1738	29 3/4 x 11 1/4	Krambúð, pakkhús
Det nye huus	1734	24 x 13	Sláturhús, mörbræðsla, beykir.
Gammelt hus	1732	9 x 6	Mörbræðsla
1758			
Det nye Krambod	1755	18 x 13	Krambúð, ibúð
Det so kalde store huus	< 1738		Sama og 1742
Det so kalde Nye Huus	1734		Sama og 1742
Moerboden	1745	12 x 9	
1774			
Kramboeden	1755		Sama og 1758, nýtt þak sett 1762
Det store slagterhus	< 1738?		Líkega sama og Det store huus, 1742
Det mindre slagterhus	1734?		Líklega sama og Det nye hus 1742
Morbuden	1745		Sama og 1758, niðurnýtt af eldi
1787			
Kramboeden			Sama og 1758
Det ydeste Pachus		28 x 11	
Det inderste pachuus		24 x 12	
Et nyt Stokværsk Pachus	1785	26 x 20	Krambúð og pakkhús, viðbót við húsið 1755
Det Ostre Pachus	1778	20 x 13	Fór í flóði 1799

Tafla 1. Upplýsingar úr úttektum 18. aldar á húsunum á Vesturbúðarhól. Líkt og sést tóku verslunarhúsin breytingum á 18. öld, ný hús eru byggð, einhver rifin og önnur endurbyggð.

20 Graham, Mark 2017; Ágústa Edwald 2017; Lilja Björk Pálsdóttir 2021; Ragnheiður Gló Gylfadóttir; 2022.

tvílyft vörugeymsluhús. Samkvæmt lýsingu á notkun hússins undir lok 19. aldar voru kornvörur geymdar á efri hæðinni en niðri var tekið á móti hrognum, lýsi og fleiru sem var verslað með.[21] Kolageymsla var byggð við norðurgafl hússins á seinni hluta 19. aldar, nákvæmt byggingarár hennar er ekki þekkt.



Mynd 7. Árið 1912 var gerð grunnflatarteikning af verslunarhúsunum á Vesturbúðarhól. Á henni sést vel hvernig nýtingu húsanna var háttað, stigar, dyr og milliveggir. Fönix og kolageymslan sjást til vinstri á teikningunni. ©Héraðsskjalasafn Árnesinga

Aðferðafræði

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. *single context recording*), sem lýst er í uppgraftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.[22] Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp á Vesturbúðarhól. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn

21 Úttektir á húsum á Eyrarbakka frá 1742 og 1774. Ljósrit í eigu höfundar fengið frá Byggðasafni Árnesinga: Jón Pálsson 1946: 40; Vigfús Guðmundsson 1949: 186-187.

22 Lucas, Gavin 2003.

í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið, þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftar í rituðu máli er vísað í númer einingar og hópa þar sem það á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um slík gögn. (Harrismatrixcomposer.com)



Mynd 8. Single context og Harris Matrix (https://www.semanticscholar.org/paper/The-Temporal-Dimension-in-a-4D-Archaeological-Data-Roo-Weghe/de4d0da90c6dce4d502f43b1e6b162f4d105432a/figure/2)

Jarðvegssýni

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd einingarnúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni. (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.).

Engin jarðvegssýni voru tekin þar sem ekki var komið niður á mannvistarlög sem gætu gefið frekari upplýsingar með sýnatöku.

Uppgröftur

Uppgraftarsvæðið er staðsett suðaustan við Búðarstíg 19 á Eyrarbakka, 30 m norðan við sjávarsíðuna. Uppgraftarsvæðið er tæplega 240 fm^2 stórt, alls um 24 x 13 m og tekur mið af stærð Fönix, hússins sem byrjað var grafa upp árið 2021. Uppgraftarsvæðið var stækkað um 0,5 m til norðurs og byrjað að rannsaka kolageymslu sem þar var byggð á seinni hluta 19. aldar. Könnunarskurður [532] var tekin þvert í gegnum húsið árið 2021 og samkvæmt jarðvegssniðum voru um 0,3 - 0,4 m eftir af mannvistarlögum inni húsinu. Ætlunin var að fullgrafa húsið í ár en ekki náðist að gera það sökum mikils umfangs. Eldri byggingarstig hússins eru komin í ljós, vestur- og norðurhlið annars hús sjást inni í Fönix. Eins er mögulega annað byggingarstig í

norðausturhorni. Þessi mannvistarlög eru sýnd skástrikuð á mynd 9. Ekki var lokið við að grafa niður fyrir veggina og ekki staðfest hvort um fleiri en eitt byggingarstig er að ræða enn sem komið er þrátt fyrir að það sé afar líklegt.



Mynd 9. Yfirlitsmynd af uppgraftarsvæðinu með einingum. Allar mannvistarleifar sem voru grafnar fram árið 2022 sjást á kotinu, auk veggja [533].

Yfirborðslag [550]

Eitt jarðlag [550] var grafið utan við bygginguna, austan við vegg [529]. Það er samtíða lagi [500] frekar en [001] sem bæði voru grafin árið 2021. Það er líklega einnig samtíða lagi [539] sem er inni í kolageymslunni. Lagið er hluti af niðurrifi byggingarinnar og er inni í porti húsanna sem verður grafið síðar.

Undirstöður veggja [540 og 557], skurður [535] og þverbitar [536 og 547]

Grjóthleðsla [540] tilheyrir vegg [528] og er innsta hleðsla í vesturhluta hússins, sjá mynd 10. Líklega er þetta viðbót eða styrking á veggnum, jarðlög inni í húsinu liggja undir hleðslunni en grjótið að utan nær lengra niður. Steinar [554] eru nyrst í húsinu og eru allstórir steinar í röð, þetta er innsta hleðslan í veggjum og sandur inn á milli. Innan hússins og undir hleðslu [540] er steinaröð [557] sem liggur austar og neðar, í norðvesturhorni hússins. Sandurinn kemur niður á lag sem fer undir steina [557] en nánar er fjall um þetta síðar í kaflanum. Á milli þessara laga er skeljasandur/foksandur. Eldri byggingarstig sjást undir steinaröðinni í norðvesturhorni hússins en hafa ekki verið rannsökuð. Vesturveggurinn er því misgamall og byggður í nokkrum stigum. Svo virðist sem hlaðið hafi verið framan við hann og innan hússins a.m.k. tvisvar.

Mynd 10. Hleðsla [540] sést innan hússins, fast við vegginn.

Mynd 11. Skurður [535], eftir að fylling [527] var fjarlægð. Veggurinn er ofan í austurhluta skurðsins.

Tilgangurinn var eflaust að styrkja vegginn.

Skurður [535] er innan hússins, við austurvegg [529] en grafið hefur verið fyrir undirstöðum hans, sjá mynd 11. Fylling [527] er ofan í skurðinum og er einsleitur sandur. Grjótið í austurvegg [529] var sett í austurhluta skurðsins og einungs helmingurinn grafinn upp enn sem komið

er. Skurðurinn sést aðeins sem lína vestan við vegginn og er fremur aflíðandi með flatan botn.

Grjótlög [536] og [547] gætu verið þverbitar í suðausturhluta hússins. Lag [536] er austar og nær húsinu en bæði lögin eru undir sandi [546]. Um 20 steinar eru í hvoru lagi, þeir eru stærri í lagi [547] sem gæti bent til þess að þar hafi verið burðarsteinn.

Mynd 12. Þverbiti [536].

Mynd 13. Þverbiti [547].

Fyllingar [537, 538, 541, 543, 544, 545, 546, 548, 549, 551, 553, 556, 559, 560 og 561]

Jarðlögin innan hússins eru öll mismunandi sandlög, ýmist hreinn sandur með gripum eða blandaðri jarðlög. Þessi sand- og grjótlög sem virðast verða fyllingar tengjast öll niðurrifi hússins. Í þessum lögum var mikið af fremur smáu hraungrýti og það líklega tilkomið eftir að húsið var rifið. Grunnur hússins hefur verið fylltur með grjóti og blönduðum sandi. Mikil blöndun jarðlaga er því óhjákvæmileg og bera öll þessi jarðlög því vitni. Fyllingin innan hússins var nokkur misblönduð sand- og grjótlög [537], [538], [541], [548] [549], [551], [553], [556], [559], [560] og [561].

Járnrík, hörð og þunn lög liggja ofan á litlum steinum [549/555] inni í húsinu og eru fylling. Lögin eru í norðurhluta hússins og meðfram vesturvegg. Lítil moldar- og sandlinsa [545] með grjóti er vestast í lagi [544]. Hún liggur upp að könnunarskurði [532] og sker hann lagið. Þetta er brúnt/svart lag með mold og sandi en mun minna af mold en í laginu ofan á lagi [544]. Í því var steinaröð sem þetta jarðlag fór undir og því þurfti að skipta laginu upp í [544] og [545], annars voru þau svipuð, sjá mynd 14. Jarðlag [543] er norðan við könnunarskurðinn en um sama lag og [544] er að ræða.

Mynd 14. Jarðlög [543-544] eru járnrík og mynduðu járnpönnu innan norðurhluta Fönix. Könnunarskurður [532] skar þau í sundur líkt og hér sést.

Fylling [538] er innan hússins, upp við

vegg [528]. Fyllingin er skorin af könnunarskurði [532] til norðurs og óljós mörk eru til suðurs. Fyllingin var undir járnpönnu [543/544] og liggur ofan á steinum [552] sem tilheyra líklega eldra byggingarstigi.

Jarðlag [546] er blandað sandlag sem nær yfir alla bygginguna nema nyrsta hlutann, sjá mynd 15. Mikið af gripum eru í laginu og ljóst að um fyllingu er að ræða. Lagið mjög misþykkt en er einna þynnst í suðausturhorni hússins. Það lá upp að veggjum [528] og [529] og ofan á hleðslum [555 og 552] sem tilheyra eldra byggingarstigi.

Mynd 15. Sandur [546] var innan hússins alls nema til norðurs.

Foksandur [534 og 542]

Tvö áfokslög voru grafin burtu innan hússins en heinn sandur hefur fokið yfir grjótfyllinguna. Foksandur [534] er nyrst innan hússins, upp við vegg [531]. Þetta er svartur einsleitur sandur, undir lagi [509] og er yfir steinum sem líklega tilheyra eldra byggingarstigi og hafa ekki verið rannsakaðir enn sem komið er. Sandur [542] liggur meðfram austurvegg að suðurvegg og er nánast L-laga. Þetta er svartur sandur en inn á milli eru flákar blandaðir skeljasandi. Sandurinn er þynnstur til norðurs ca. 2 cm og þykkastur til suðurs ca. 5 cm.

Mynd 16. Foksandur [542] var innan hússins, í suðausturhorni þess.



Mynd 17. Foksandur [534] var upp við vesturvegg hússins, að innan.

Kolageymsla [539 og 558]

Á seinni hluta 19. aldar var byggð kolageymsla norðan við Fönix. Hún sést á ljósmyndum af húsinu og er fremur um skýli en eiginlega byggingu að ræða. Yfirborðið [001] var grafið 2021 en svæðið

Mynd 18. Fylling [539] er innan kolageymslunnar.

var stækkað til norðurs til að það næði yfir alla kolageymsluna. Jarðlag [539] kom undan því, sjá mynd 18. Þetta er grýtt og sendið lag inni í kolageymslunni og mörkin eru óljós til norðurs og austurs. Það tengist án efa niðurrifi húsanna og er fylling. Til vesturs afmarkar veggur [528] kolageymsluna og veggur [531) til suðurs. Þetta lag sameinaðist lagi [500] sem var grafið árið 2021 inni í húsinu.

Jarðlag [558] er undir [539] og var ekki fullgrafið. Skilin á milli jarðlaganna eru óskýr, grjótið er aðeins smærra og meiri sandur í neðra laginu, annars eru þau eins. Lagið verður fullgrafið sumarið 2023.

Eldri undirstöður [552] og [557]

Steinar [552] eru um það bil 10 talsins og eru hluti af eldri vegg, líklega annarri byggingu. Steinarnir eru innan hússins, sunnan við könnunarskurð [532] og við vegg [528]. Stórir steinar eru undir laginu en þeir hafa ekki verið grafnir burtu. Líkt og áður var minnst á eru vísbendingar um eldri byggingarstig norðarlega í húsinu og veggir þar byggðir í nokkrum stigum. Að auki sést móaska fara þar undir veggina. Móaskan hefur ekki verið grafin, hún fer undir vegg [528]. Lagið er þykkast til norðurs en þynnst til suðurs.

Mynd 19. Hleðsla [557] sést undir hleðslu [540], skeljasandur er á milli þeirra.

Innan hússins og undir hleðslu [540] er steinaröð [557] sem liggur austar og neðar, í norðvesturhorni hússins. Sandurinn kemur niður á lag sem fer undir steina [557], sjá mynd 19. Á milli þessara laga er skeljasandur/foksandur. Eldri byggingarstig sjást undir steinaröðinni í norðvesturhorni hússins en hafa ekki verið rannsökuð.

Gripir

Gripir sem finnast við uppgröft eru mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a. gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir

í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru einiganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.[23]

Alls var skráður 1944 fundur undir 261 fundanúmerum við rannsókn á Vesturbúðarhól árið 2022. Fjöldi funda er töluvert færri en við rannsóknina árið 2021 en þá voru skráðir 3331 fundir á 357 fundanúmerum. Þó skal nefna að tekin var ákvörðun um að hirða aðeins hluta þeirra mársteinsbrota sem fundust en nánar verður vikið að því síðar. Í gripasafninu eru gripir frá 18. öld fram á 20. öld, líkt fyrri ár,[24] en stærra hlutfall gripanna er þó frá fyrri hluta tímabilsins.

Varðveisla gripa er nokkuð mismunandi. Glergripir eru almennt ágætlega varðveittir en elstu glergripirnir hafa margir nokkuð veðrað yfirborð. Leirgripir eru sömuleiðis í góðu ásigkomulagi, en mársteinar þó margir mjög auðmuldir. Málmgripir eru flestir mjög tærðir og er járn einkum hulið þykkum ryðhjúp, enda er uppgraftarsvæðið nærri fjöru og selta og raki því mikill. Varðveisla beina er ágæt, en lítið er um aðrar lífrænar leifar sem bendir til slæmrar varðveislu.

Málmur: Járn

Járngripir voru alls 329, skráðir á 59 fundanúmer. Langflestir gripanna voru naglar, eða 231 talsins. Í mörgum tilvikum er sú greining þó ekki alveg örugg þar sem járngripirnir voru margir mjög tærðir og form þeirra óljóst vegna þykks sandblandaðs ryðhjúps. Í nokkrum jarðlögum voru gripirnir þó almennt í betra ástandi, einkum í yfirborðslagi [001] og hrun/foklagi [500] en þau voru grafin 2021. Einnig mátti sjá blöndu af betur og verr varðveittum gripum í lögum [533] og [558] sem líkast til tilheyra bæði niðurrifi byggginganna. Meðal annarra járngripa sem hægt var að greina til tegundar voru skrúfbolti <2022-12-533>, ró <2022-12-530> skinnur <2022-12-530 og -532>, hluti af dós <2022-12-532>, og nokkur brot úr vírkaðli <2022-12-600>, en nokkur fjöldi slíkra brota, líklega úr sama kaðli, fannst í sama lagi sumarið 2021. Einnig fannst um 2,5 m löng járnkeðja <2022-12-617> í lagi [558] í kolageymslu.

Koparblanda

Gripir úr koparblöndu voru alls 16, skráðir á 12 fundanúmer. Þar af voru tveir hnappar <2022-12-426> og <2022-12-430> og þrjár tölur <2022-12-431> og <2022-12-432>.
Ein möguleg mynt <2022-12-428> fannst við uppgröftinn, en hún er of máð til að hægt sé að greina á henni áletrun. Árið 2021 fundust fjórar myntir af sömu stærð. Hægt var að greina eina þeirra <2021-58-201> að hluta og var hún danskur skildingur, líklega frá um 1682-1784.

23 Lucas, Gavin 2003.

24 Ágústa Edwald 2017; Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2021; Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2022, 19.

Stærsti gripurinn var tappi <2022-12-422>, um 9,2 cm á lengd, líklega úr tunnu. Meðal annarra gripa sem fundust voru tituprjónn <2022-12-423>, pinnar og naglar <2022-12-424>, <2022-12-429> og <2022-12-425>, og festing <2022-12-675>.

Mynd 19. Tappi 2022-12-422 tilheyrði líklega tunnu.

Mynd 20. Tituprjónn 2022-12-423.

Samsett efni

Að auki fannst ein brotin glóþráðarpera <2022-12-673>.

Leir

Leirker og krítarpípur

Alls fundust 141 leirkersbrot úr ílátum skráð á 29 fundanúmer. Krítarpípubrot voru 221 talsins, skráð á 33 fundanúmer. Samanlagt eru þetta 62 fundanúmer með 362 brotum. Gavin Lucas sá um greiningu á leirkerjum og krítarpípum og má lesa nánari umfjöllun um það í viðauka V hér aftar. Leirkerin voru almennt frá um 1750-1850 en krítarpípur almennt frá seinni hluta 18. aldar og mögulega fram á fyrri hluta 19. aldar.

Mynd 21. Leggir af nokkrum krítarpípunum sem grafnir voru upp 2022.

Mynd 22. Nokkur leirker sem fundust árið 2022.

Múrsteinar

Öll múrsteinsbrot sem fundust voru vigtuð en hluta þeirra síðan fargað. Múrsteinsbrot voru skráð á 33 gripanúmer og vógu alls 22,84 kg. Aðeins var slegið tölu á þau brot sem hirt voru og voru þau 37 talsins. Múrsteinarnir voru í ýmsum litum, flestir ljós- yfir í dökkrauðir eða gulir. Einn heill gulur múrsteinn fannst <2022-12-433> og tvö önnur brot með fulla breidd <2022-12-440> og <2022-12-525>, en almennt voru brotin flest lítil, undir 3 cm á lengd.

Annar brenndur leir

Það fundust 18 önnur brot af brenndum leir, skráð á sjö gripanúmer, líklega brot af þakskífum eða annars konar flísum.

Gler

Alls voru 223 brot af ílátum skráð á 34 fundanúmer og 247 brot af rúðugleri skráð á 24 fundanúmer. Að auki fannst ein mjó glerpípa <2022-12-625>, mögulega hluti af kvikasilfurshitamæli. Gavin Lucas sá um greiningu á glerinu og má lesa nánari umfjöllun um það í viðauka V. Glerið var einkum frá seinni hluta 18. aldar til fyrri hluta 19. aldar en nokkrir gripir voru þó frá 20. öld.

Mynd 23. Flöskuháls 2022-12-388.

Lífræn efni

Viður

Níu viðarbrot fundust við rannsóknina, skráð á þrjú fundanúmer. Hlutverk þeirra er ekki ljóst en að mestu er um að ræða lítil brot.

Textíll

Einn gripur sem flokka má undir textíl fannst við rannsóknina og voru það tveir þræðir hnýttir saman <2022-12-555>. Þræðirnir eru líklega úr hampi.

Bein

Dýrabein voru 457 talsins og skráð á 41 fundanúmer. Beinin eru 3,1 kg á þyngd. Beinin hafa ekki verið greind til tegunda en um er að ræða spendýra-, fiski- og fuglabein. Þau eru líkast til að mestu matarleifar eða úrgangur úr sláturhúsi sem starfrækt var vestan við Fönix. Einn gripur úr unnu hvalbeini fannst við rannsóknina, líklega brot af högldum <2022-12-676>.

Steinn og byggingarefni

Steinn

Steingripir voru alls 75, skráðir á 40 fundanúmer. Þar af voru 16 brýni úr innfluttu flögubergi, líklega norsku. Brýni sem fundust við rannsóknina 2021 voru öll í suðausturhorni hússins. Þetta ár voru brýnin dreifðari um uppgraftarsvæðið, en þó var stærstur hluti þeirra, tíu brot, í suðurhelmingi hússins. Líkt og fyrri ár eru brýnin óunnin að mestu. Einnig fundust fjögur brot af þakskífum úr skífubergi, 13 brot af asbestflísum og níu tinnubrot. Aðrir steingripir voru aðfluttir smásteinar, þar af tveir flatir steinar <2022-12-409> og <2022-12-493> sem mögulega hafa getað verið notaðir sem spilapeningar.

Byggingarefni

Tólf gripir falla undir byggingarefni, skráðir á fimm fundanúmer. Þar af eru tíu brot af steypu eða múr og tveir kalkmolar.

Gjall og kol

Tveir gjallmolar fundust 2022, skráðir á jafnmörg gripanúmer. Viðarkol voru sex talsins, skráð á þrjú gripanúmer. Steinkol voru mun fleiri, 137 talsins og um 570 g, skráð á 13 gripanúmer. Stærstur hluti kolanna, 97 brot eða um 500 g, fundust í yfirborðslögum eða lögum tengdum niðurrifi byggingarinnar.

Plast og gerviefni

Gripir úr plasti og gerviefnum voru 12 talsins, skráðir á 7 fundanúmer. Meðal gripa voru umbúðir, s.s. af Bragakaffi, Flórídana appelsínusafa og Paló hálstöflum, brot af vínylplötu og bútar af netagarni. Gripirnir fundust allir í yfirborðslagi [001] eða í niðurrifslagi [558] í kolageymslu.

4. Niðurstöður

Rannsóknarsvæðið sumarið 2022 var 23 x 13 m að stærð, alls um 240 fm2. Það afmarkast við vestasta húsið á svæðinu, Fönix, auk þess sem byrjað var að grafa kolageymslu norðan við húsið. Hún var að öllum líkindum byggð um miðja 19. öld. Líkt og rannsóknir ársins 2021 sýndu fram á hefur grunnur hússins verið fylltur af sandi og grjóti eftir að það var rifið. Flest jarðlögin voru hreyfð og samanstóðu af blönduðum sandlögum og grjóti. Fyrstu niðurstöður uppgraftarins benda til að undirstöður hússins séu frá 18. öld, sé horft til þeirra gripa sem hafa fundist. Flest mannvistarlögin tengjast annars vegar byggingu hússins, þ.e. hlaðnir útveggir og niðurgröftur við gerð þeirra, grjótlög undir gólfi og hins vegar niðurrifi þess.

Einungis var grafið niður á veggi hússins en sterkar vísbendingar eru um fleiri byggingarstig. Í norðurhluta hússins sem og til vesturs fundust aðrir veggir, hleðslur auk móósku- og viðarkolalaga. Móaskan fer undir vesturvegg hússins og allt bendir til þess að um eldri byggingarstig sé að ræða. Þetta verður skoðað betur þegar veggirnir verða fjarlægðir. Einnig var hafist handa við að grafa kolageymslu við norðurgafl hússins upp, hún verður kláruð sumarið 2023

Alls voru skráðir 1944 fundir undir 261 fundanúmeri við rannsókn á Vesturbúðarhól árið 2022. Í gripasafninu eru gripir frá seinni hluta 18. öld fram á 20. öld, líkt fyrri ár, en stærra hlutfall gripanna er þó frá fyrri hluta tímabilsins. Gripir frá ólíkum tímum eru enn að finnast í sömu jarðlögum sem ber vitni um mikla blöndum vegna niðurrifs húsanna en einnig þess hversu sendið svæðið er. Þó að aðeins hafi verið unnin grunngreining á gripasafninu, þá hefur strax komið í ljós að gripasafnið sem fundist hefur í Vesturbúðinni bíður upp á mikla rannsóknarmöguleika. T.d. væri hægt kortleggja tengsl Vesturbúðarinnar bæði innanlands og utan. Gripir frá tímum einokunarverslunarinnar og á Vesturbúðarhól geta sýnt okkur hvert fólk fór, við hverja var verslað og hvað flutt inn til landsins. Eins er hægt að tengja uppgröftinn á Vesturbúðarhól við aðrar rannsóknir frá sama tíma líkt og rannsóknir á Snæfellsnesi og Skálholti.

Heimildir

Ágústa Edwald. 2017. *Vesturbúðahóll á Eyrarbakka. Jarðsjármælingar og könnunaruppgröftur.* Reykjavík: Háskóli Íslands.

Ágústa Edwald. 2019. „Könnunarrannsókn á Vesturbúðahól á Eyrarbakka." Á*rbók Hins íslenzka fornleifafélags* 2019, bls. 85-106.

Capelle, Thorsten. 1982. *Untersuchungen auf dem mittelalterlichen Handelsplatz Gautavík, Island.* Köln: Rheinland Verlag.

Graham, Mark. 2017. *Report on Geophysical Survey. Vesturbúðarhóll, Eyrarbakki, Iceland. Coordinates (ISN93) A393867-N375262.* Grampus Heritage and Training Ltd. Bretland.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbakkahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. Eyrarbakki: Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Helgi Þorláksson. 2017. *Frá landnámi til einokunar, 21-206 (1.bindi). Líftaug Landsins: Saga íslenskrar utanlandsverslunar 900-2010.* Ritstjóri: Reykjavík: Háskóli Íslands og Skrudda.

Jakob Orri Jónsson. 2022. *Pots, Pipes and Plates : An Archaeology of Consumption in 17th and 18th Century Iceland*. Phd ritgerð við Háskóla Íslands. https://hdl.handle.net/20.500.11815/2847

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III. Árnessýsla. 1981. Reykjavík: Sögufélag.

Jón J. Aðils. 1919. *Einokunarverslun Dana á Íslandi 1606-1787.* Reykjavík: Verslunarráð Íslands.

Jón Pálsson. 1946. *Austantórur II.* Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Lilja B. Pálsdóttir og Howell Roberts. 2007. *Excavations at Gásir 2006: An interim report/ framvinduskýrsla. FS355-010710*. Reykjavík: Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands.

Lilja B. Pálsdóttir og Hulda Björk Guðmundsdóttir. *Hafnarstræti 18 í Reykjavík. Framkvæmdarannsókn.* FS743-18491. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Lilja B. Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2021. *Vesturbúðarhóll á Eyrarbakka: Undirbúningsrannsókn árið 2019.* FS816-17251. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Lucas, Gavin, Jakob Orri Jónsson & Kevin Martin. 2021. „Pots for socks. Commodity itineraries in the North Atlantic during the 17th and 18th centuries." *Post-Medieval Archaeology*, 55:2, 194-210, DOI: 10.1080/00794236.2021.1966244

Magnús Þorkelsson. 1984. „Búðasandur – Maríuhöfn?: Gömul höfn í Laxárvogi.“ *Útivist 10: ársrit Útivistar*, bls. 103-116.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir. 2015. *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka.* NV nr. 6-16. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Martin, Kevin. 2021. *Uncovering the Archaeology of the Danish Trade Monopoly in Iceland (1602-1787): Merchant Ships and Trade Ports*. Phd ritgerð við Háskóla Íslands. https://hdl.handle.net/20.500.11815/2967

Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir. 2022. *Vesturbúðarhóll á Eyrarbakka: Saga verslunar og utanríkisviðskipta. Fornleifarannsókn árið 2021 – 2. áfangi.* FS870-17252. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Traustadóttir. 2018. „Kolkuós in the north of Iceland: a harbor site and trading place in the Viking age to the medieval period.“ *Gruel, bread, ale and fish: changes in the material culture related to food production on the North Atlantic 800-1300 AD. Kaupmannahöfn: Nationalmuseet.*, bls. 119-135.

Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju I. 1856. Gefið út af Hinu íslenzka bókmenntafélagi. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka. I.* Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka. II.* Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Þorvaldur Thoroddsen. 1919. *Lýsing Íslands I.* Reykjavík: Sjóður Þorvaldar Thoroddsen.

Óútgefnar heimildir:

Héraðsskjalasafn Árnesinga. HérÁrn: 2010/9 J.R.B. Lefolii og Einarshöfn h/f. Kort, teikningar o.fl. A/1–1-2.

Hildur Gestdóttir. 2022. *Bragðavellir á Húsavík (202209-0013) – óútgefin samantekt um fornleifarannsókn.*

Rigsarkivet Kaupmannahöfn. SA: Virðingargjörðir 1742, 1758 og 1774. Afrit í fórum höfundar komin frá Hrefnu Róbertsdóttur 15.3.1993 og 17.1.1995 með endurritun á virðingargjörðunum 1742 og 1774. (Rigsarkivet: Rentekammeret - Taksations- og vurderingsforretninger over handelshuse og inventarier i Islands havne (1774 - 1774) – 373.117)

Þjóðskjalasafn Íslands, Johansen og Co. 1847-1868 og Lefolliverslun 1870-1915.

Viðauki I: Einingaskrá

Unit	Area	Type	Description
534	C	D	Svartur, einsleitur sandur.
535	C	C	Cut fyrir vegg [529]. Fylling [527] ofan í
